

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-urðun Laugardalur, Húsavík



<b>Dags eftirlits</b>	5.12.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Þingeyinga-urðun	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Víðimóar 2/Laugardalur	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	711001-2470	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hafsteinn H. Gunnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	574545,649 617913,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Áfram er staðfest frávik um að á svæðinu hefur verið urðuð botnaska sem ekki stenst útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang. Rekstraraðili hefur borið því við að umrædd urðun sé tímabundin geymsla. Umhverfisstofnun hefur farið fram á að askan verði fjarlægð af svæðinu og óskað eftir áætlun þess efnis.

Að sögn rekstraraðila fer ekki fram meðhöndlun úrgangs á svæðinu en þar er geymt óvirkt efni frá Norðurþingi.

## UMFANG EFTIRLITS

Haldin var fundur með rekstraraðilum til að fara yfir málefni staðarins. Rætt var um stöðu starfsleyfisumsóknar og skipulags á staðnum. Þá var rætt um meðhöndlun botnösku á svæðinu, einkum þá er fram hefur farið síðan 2010 en þá var niðurstaða úr útskolunarprófum með þeim hætti að ekki var lengur heimilt að urða botnösku á staðnum. Um 1000 tonn af botnösku hafa verið geymd á svæðinu síðan þá.

Þá voru rædd atriði úr síðustu eftirlitsskýrslu og farið yfir möguleika á mælingum á staðnum.

### Frávik frá

Samkvæmt ákv. 1.1 í starfsleyfi má aðeins urða óvirkan úrgang, sjá einnig losunarmörk fyrir útskolun óvirks úrgangs í reglug. nr. 738/2003 um urðun úrgangs, viðauka II, ákv. 2.1.2.1.

### Lýsing á fráviki

Sýni úr botnösku sem urðuð hefur verið í Laugardal stenst ekki sett útskolunarmörk fyrir óvirkan úrgang. Því er ekki heimilt að urða botnösku á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir áætlun til úrbóta.

## ANNAÐ

Starfsleyfi er runnið út og engin urðun fer fram á svæðinu en Norðurþing geymir óvirkt efni þar, þ.e. mold og grús.

Deiliskipulag fyrir staðinn er í auglýsingu og ný starfsleyfisumsókn er í vinnslu, EFLA hefur verið fengin til að skoða svæðið til að ákvarða heppilega staði fyrir mælibrunna.

Búið að fjarlægja asbestplötur sem voru á svæðinu í síðasta eftirliti. Mikilvægt er að fundinn sé góður farvegur í sveitarfélaginu fyrir asbestúrgang.

Reykjavík, 19.12.2013

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.